



Swedish Consumer Agency  
Consumer Ombudsman



Finnish Competition  
and Consumer Authority



Norwegian  
Consumer Authority



NEYTENDASTOFA

Icelandic Consumer Agency



DANISH CONSUMER OMBUDSMAN

7. maí 2024

## Sameiginleg yfirlýsing Norrænna neytendayfirvalda vegna umhverfisfullyrðinga í markaðssetningu

Mörg fyrirtæki nota fullyrðingar um að vörur og þjónusta þeirra séu „kolefnishlutlausar“, „kolefnisjafnaðar“, „net zero“, „hafi engin áhrif á umhverfið“ o.s.frv. Árið 2023 bannaði sænski einkaleyfa- og markaðsdómstóllinn mjólkurframleiðanda að nota fullyrðinguna „net zero climate footprint“ og aðrar svipaðar fullyrðingar sem gáfu neytendum til kynna að varan hefði engin áhrif á loftslagið eða að áhrifin hefðu verið bætt að fullu, þegar sú var ekki raunin.

Samkvæmt Norrænum neytendayfirvöldum ættu öll fyrirtæki sem nota fullyrðingar um kolefnishlutleysi í markaðsefni sínu að taka mið af þeim meginreglum sem settar voru fram í úrskurði sænska einkaleyfa- og markaðsdómstólsins. Í úrskurðinum kemur fram að erfitt sé fyrir seljendur að staðreyna slíkar fullyrðingar samkvæmt tilskipun 2005/29/EB um óréttmæta viðskiptahætti, eins og tilskipunin er innleidd á Norðurlöndunum, sbr. lög nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Að framangreindu virtu hvetja Norræn neytendayfirvöld fyrirtæki til að endurskoða umhverfisfullyrðingar sínar. Í stað þess að nota almennar umhverfisfullyrðingar sem erfitt er að sanna ættu fyrirtæki að lýsa beint, á skýran og skiljanlegan hátt, þeim aðgerðum sem þau hafa gripið til, t.d. aðgerðir sem stuðla að bindingu kolefnis úr andrúmsloftinu.

### *Bakgrunnur*

Árið 2021 höfðaði umboðsmaður neytenda í Svíþjóð (Swedish Consumer Ombudsman) mál gegn mjólkurframleiðanda fyrir að nota fullyrðinguna „net zero climate footprint“ í markaðssetningu sinni.

Samkvæmt umboðsmanninum var fullyrðingin villandi þar sem hún gaf í skyn að varan hefði engin áhrif á umhverfið eða loftslagið; ekki fyrir, við eða eftir kaup - sem fyrirtækið gat ekki staðfest.

#### *Dómurinn*

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að fullyrðingin gæfi neytendum til kynna að varan hefði engin áhrif á loftslagið eða að bætt hefði verið að fullu fyrir áhrif sem varan hefði á umhverfið. Fyrirtækið þyrfti að sanna þetta til þess að fullyrðingin væri ekki villandi.

Fyrirtækið hafði fjárfest í aðgerðum sem áttu að vera til hagsbóta fyrir umhverfið, til dæmis í verkefnum eins og gróðursetningu trjáa og vörnum gegn skógareyðingu. Útreikningar fyrirtækisins á aðgerðunum var byggður á mælikvarða fyrir hnatthlúnun (Global Warming Potential/GWP 100) sem er algengasti mælikvarðinn fyrir loftslagsaðgerðir. Framangreint hefur þá þýðingu að mælanlegum árangri er fyrst náð 100 árum eftir fyrstu losun gróðurhúsalofttegunda. Aftur á móti krefst það þess að verkefnin haldi áfram að skila ávinningi fyrir loftslagið í 100 ár.

Dómstóllinn tók fram að fyrirtækið hefði ekki fært sönnur á að verkefnin myndu endast svo lengi þrátt fyrir að verkefnin væru vottuð samkvæmt settum staðli, með ábyrgðum til 20 og 30 ára.

Dómstóllinn tók einnig fram að margir óvissuþættir væru fyrir hendi, m.a. tengdir útreikningum og varanleika verkefnanna.

Að lokum komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að hinn almenni neytandi myndi ekki átta sig á að árangri yrði fyrst náð eftir 100 ár. Fyrirtækið hafði því ekki getað fært sönnur á fullyrðinguna í samræmi við tilskipun 2005/29/EB, eins og hún var innleidd í sænska löggjöf.

Niðurstaða dómsins var því sú að fullyrðingin væri villandi og óréttmæt og þar með óheimil.

#### *Næstu skref*

Undir valdsvið Norrænna neytendayfirvalda fellur að hafa eftirlit með og framfylgja löggjöf um neytendavernd, þar á meðal umhverfisfullyrðingum í markaðssetningu sem beint er að neytendum.

Í samræmi við úrskurð sænska einkaleyfa- og markaðsdómstólsins er það álit Norrænna neytendayfirvalda að erfitt geti verið að færa sönnur á umhverfisfullyrðingar í samræmi við ákvæði tilskipunar 2005/29/EB um óréttmæta viðskiptahætti.

Til viðbótar við óvissu um varanleika loftslagsaðgerða eru aðrir óvissuþættir tengdir loftslagsaðgerðum og þeim árangri sem hlýst af þeim, svo sem hættan á

tvítalningu og skortur á raunverulegri viðbót. Að því virtu er þeim tilmælum beint til fyrirtækja að endurskoða umhverfisfullyrðingar sínar, þar sem við á.

Norræn neytendayfirvöld geta gripið til aðgerða til þess að tryggja að farið verði að þeim kröfum sem gerðar eru til umhverfisfullyrðinga samkvæmt gildandi lögum og reglum.